

Fréttapistill frá forseta Íslands

23. desember 2019

Kæru landsmenn og Íslendingar nær og fjær! Við Eliza sendum ykkur öllum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur. Megi nýtt ár færa sem flestum farsæld og hamingju.

Hér kemur síðasti vikupistill ársins. Í nýliðinni viku tók að hægjast um eins og vera ber í aðdraganda jólanna. Á miðvikudaginn var fékk ég góðan gest í heimsókn, Söru Björk Gunnarsdóttur landsliðsfyrirliða í knattspyrnu og atvinnumann með stórliði Wolfsburg í Þýskalandi. Með henni var Magnús Örn Helgason sem skráði sögu hennar svo að til varð bókin Óstöðvandi, fróðleg og skemmtileg lýsing á ævi Söru Bjarkar, meðbyr og mótbyr innan vallar sem utan, og einnig er farið yfir velgengni kvennalandsliðsins í knattspyrnu undanfarin ár. Það var gaman að spjalla við þau Söru Björk og Magnús Örn um verkið (þótt við séum mjög alvarleg að sjá á myndinni að neðan).

Þennan dag átti ég einnig góðan fund með Hermundi Sigmundssyni, prófessor í sálfræði í Þrándheimi. Hann hefur bent á athyglisverðar leiðir til að bæta lestrarkunnáttu barna og ungmenna á Íslandi og hvetur jafnframt til þess að í skólastarfi verði lagt meira upp úr hvers kyns hreyfingu; þannig líði nemendum betur og um leið nái þeir meiri árangri í námi sínu.

Síðdegis flutti ég ávarp við útskrift frá Hringsjá í Reykjavík. Þann stað sækir fólk sem þarf á náms- og starfsendurhæfingu að halda eftir hlé á námi eða vinnu vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Árangur af starfi þessa seturs er ótvíræður. Fólki, sem vinnur fyrir sér, snarfjölgar eftir námið þar og þeim snarfækkar sem þurfa að reiða sig á örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Á meðfylgjandi mynd er ég í hópi stoltra útskriftarnema. Ég óska þeim og öðrum nemendum Hringsjár að fornu og nýju góðs gengis á lífsleiðinni. Sigrar þeirra, sem ná settu marki á þessum stað, eru í sjálfu sér eins virðingarverðir og þeir sem afreksfólk í íþróttum nær á sínum vettvangi.

Á föstudeginum lá leið mínar á gamlar slóðir, Árnagarð í Háskóla Íslands. Þess var þá minnst að hálf öld var frá því að byggingin var vígð. Henni var þá ætlað að hýsa Árnastofnun og þau handrit sem senn kæmu til baka frá Danmörku. Auk þess var gert ráð fyrir kennslustofum í húsinu og skrifstofum fyrir kennara í íslenskum fræðum. Þess naut ég síðar meir, var með aðsetur í Árnagarði árin 2013–2016 og á þaðan margar góðar minningar.

Í gær, laugardag, var hefðbundið jólaball á Bessastöðum fyrir börn sendiráðsfólks á Íslandi, börn og barnabörn starfsliðs embættisins og ungviði úr frændgarði okkar Elizu. Um kvöldið ríkti svo annars konar gleði. Þá sótti ég kveðjutónleika Skálmaldar og naut víkingarokks í ystu æsar. Á sviði voru „vaskir menn á vígamóðri stund“, eins og segir í Kvaðningu, einu þeirra kröftugu og frábæru laga sem Skálmaldarliðar hafa sent frá sér. Og ekki eru textarnir verri, efniviður einatt sóttur í heim goða og vætta. Í meðförum Skálmaldar lifnar okkar forni menningararfur við, verður spennandi og heillandi í eyrum þeirra sem hefðu kannski ekki kynnst honum ella. „Hættuleg eru

Loka börn,“ segir í öðru lagi Skálmaldar en það átti ekki við um tónleikagesti, stillta og prúða.

Ég geri ekki ráð fyrir að kveðja mér hljóðs aftur á þessum vettvangi fyrir áramót og ítreka hér og nú góðar jóla- og nýárskveðjur til ykkar allra, kæru landsmenn. Nú þegar dag er aftur tekið að lengja er við hæfi að nota gömul og gild kveðjuorð: Gangi ykkur öllum allt að sólu.